

(B. XXVIII, 1).

**Ad.**

**60. Framvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Ottesen  
og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Við 1. gr. Síðari málsgrein 1. gr. falli burtu.

2. gr.

Við 4. gr. Önnur málsgrein 4. gr. falli burtu.

Á s t æ ð u r.

Breytingar þær, sem síðasta þing gerði á lögum um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða, hinar svo nefndu »heimakosningar«, hafa við síðustu alþingiskosningar verið svo mjög misbrúkaðar, að það virðist ekki fært að láta þær gilda áfram, enda má telja það víst, að síst dragi úr misbrúkun þeirra er frá líður.

Í annan stað verður heldur ekki sjeð, að sjúkdómar eða ellihrumleiki svifti borgara þjóðfélagsins meira eðlilegum rjetti í þessu efni, hvað kosningar-rjettinn snertir, heldur enn á mörgum öðrum sviðum. Og enn má taka það fram, að fullur tilgangur eða fult rjettlæti náist ekki með lögum þessum.